

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík - stofnanir



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 29.11.2010
Tilv. 2009/1591, 423 - 0.3.01
TA

Efni: Athugasemdir Neytendastofu vegna frumvarps til laga um fjölmiðla, 198. mál

Vísað er til tölvupósts dags. 23. nóvember 2010, þar sem óskað er umsagnar Neytendastofu um frumvarp til laga um fjölmiðla, 198. mál. Þakkar stofnunin fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið og vill hér með koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarp þetta.

Neytendastofu hefur áður borist til umsagnar frumvarp til laga um fjölmiðla og fagnar þeim breytingum sem hafa verið gerðar á frumvarpinu og telur að verulega hafi nú verið komið til móts við fyrri athugasemdir stofnunarinnar við eldri drög frumvarpinu.

Stofnunin vill þó benda á að nauðsynlegt er að lagfæra skilgreiningu á *fjar kaupum* sem samkvæmt nýjum frumvarpstexta er ekki samhljóða skilgreiningu hugtaksins í sjónvarpstilskipun nr. 97/36, en þar segir:

„f) „fjar kaup“: bein tilboð sem sjónvarpað er til almennings með það í huga að bjóða fram vörur og þjónustu, þar með talið fasteignir eða réttindi og skuldbindingar, gegn greiðslu.“

Neytendastofa leggur til að fyrri málslið skilgreiningar á hugtakinu fjar kaup í frumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi verði breytt til samræmis við framangreinda skilgreiningu og hljóði svo:


Fjar kaup er hljóð- og myndsending sem í felst beint tilboð eða sala á vöru eða þjónustu, þ.m.t. fasteignum eða réttindum og skuldbindingum gegn greiðslu til almennings þar sem við miðlun tilboðs og gerð samnings er notuð ein eða fleiri fjarskiptaaðferðir án þess að neytandi og seljandi hittist.

Það er mikilvægt að mati Neytendastofu að ekki séu frávik í texta skilgreininga að þessu leyti og því rétt að hennar mati að gera ofangreinda lagfæringu á frumvarpstextanum.

Auk þess er að mati stofnunarinnar mjög til bóta og hagkvæmt að ekki sé stofnuð ný stofnun á sviði eftirlits með lögunum eins og bent var á við umsögn um fyrri gerð frumvarpsins og eftirlit með lögunum þess í stað falið fjölmiðlanefnd sem jafnframt er ætlað að gera samstarfssamning við Neytendastofu, sbr. 7. gr. frumvarpsins.

Neytendastofa hefur ekki á þessu stigi aðrar athugasemdir við frumvarpsdrögin en er jafnframt reiðubúin til frekara samstarfs eða að veita nánari upplýsingar sé þess óskað.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Tryggvi Axelsson
Forstjóri


Þórunn Anna Árnadóttir
Sviðsstjóri